

SÉRKJARASAMNINGUR

milli

AFLs Starfsgreinafélags og Drífanda stéttarfélags

og

Samtaka atvinnulífsins

vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðjum

Kjarasamningur aðila vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðjum framlengist til 28. febrúar 2017 með þeim breytingum sem kveðið er á um í samkomulagi þessu og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

1. gr.

Kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar 2014.

2. gr.

Tenging við launataxta fiskvinnslufólks

Tekin er upp tenging við launataxta fiskvinnslufólks þannig að launataxtar og aðrir launaliðir í kjarasamningi taki sömu breytingum og mánaðarlaunataxtar fiskvinnslufólks skv. kjarasamningi, að teknu tilliti til hækkunar bónuss skv. reiknitölu ákvæðisvinnu. Skal vegin saman hækkun hæsta mánaðarlaunataxta fiskvinnslufólks (nú 9. launaflokkur e. 7 ár) og hækkun reiknitölu vegna álagsgreiðslna fiskvinnslufólks. Á samningstímabilinu skal miðað við að mánaðarlaun fyrir dagvinnu vegi 80% og bónus 20%.

Laun samkvæmt þessu ákvæði hækka 1. janúar 2014 og aftur árin 2015 og 2016 á sama tíma og í fiskvinnslu.

3. gr.

Við grein 3.12 um vaktabónus bætist nýr málslíður: Fyrir fyrstu 50 vaktir starfsmanns á almanaksári er vaktabónus kr. 1.500 m.v. 12 klst. vakt.

4. gr.

Við samninginn bætist ákvæði um starfsfræðslunámskeið starfsmanna í mjöl- og lýsisvinnslu.

Reykjavík, 25. febrúar 2014

F.h. AFLs Starfsgreinafélags

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Drífanda stéttarfélags